

Borgarráð  
b.t. Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur formanns  
Ráðhúsinu  
101 Reykjavík

1511126

Reykjavík, 14. júní 2019

**Efni: Beiðni um samþykki Borgarstjórnar – breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.**

Meðfylgjandi eru breyttar samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins á fundi hennar 13. júní 2019 ásamt minnisblaði til skýringar á þeim breytingum sem gerðar hafa verið á samþykktunum dags. 5. apríl 2019 og álitum tryggingastærðfræðings sjóðsins á framlögðum breytingartillögum.

Þess er óskað að Borgarstjórn samþykki breytingarnar og sendi formlega staðfestingu um samþykki til sjóðsins.

F.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar



Þóra Jónsdóttir,  
sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs

# Samþykktir

## LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA REYKJAVÍKURBORGAR

### 1. gr. Heiti og varnarþing

- 1.1 Nafn sjóðsins er „Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar“. Er hann eign borgarsjóðs Reykjavíkur og sjóðfélaga með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum þessarar samþykktar. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn var stofnaður með samþykki bæjarstjórnar 2. janúar 1930 og hét þá „Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar“. Gilti reglugerð fyrir hann frá 1. janúar sama ár.

### 2. gr. Hlutverk

- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum, er greinir í samþykktum þessum. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, A-deild og B-deild, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

### 3. gr. Sjóðfélagar

- 3.1 Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðsins og á hjá honum réttindi.
- 3.2 Þeir einir hafa rétt til að greiða áfram til sjóðsins sem voru sjóðfélagar í júní 1998, hafa átt aðild að sjóðnum óslitið frá þeim tíma, eru í eigi minna en hálfu starfi og taka kjör samkvæmt kjarasamningum byggðum á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða kjaraákvörðunum um æðstu embættismenn Reykjavíkurborgar. Hafi iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga fallið niður vegna launalausss leyfis eða veikinda á viðkomandi rétt til að hefja aftur greiðslu iðgjalda innan 12 mánaða frá því að greiðsla iðgjalda féll niður.
- 3.3 Óheimilt er að veita móttöku iðgjalda vegna annarra frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 3.4 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt gr. 19 í annan lífeyrissjóð.

### 4 gr. Skipun og starfshættir stjórnar

- 4.1 Stjórn sjóðsins skipa þrír fulltrúar Reykjavíkurborgar sem borgarráð tilnefnið, þar af einn sem formann, og tveir sjóðfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Sameyki (áður Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar) og jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
- 4.2 Stjórnin skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar ákvarðanir sínar. Til þess að ákvörðun sé löglega samþykkt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.3 Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum svo og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

- 4.4 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri-háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- 4.5 Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann eigin endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innra eftirlit. Stjórnin ræður enn fremur löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun hjá sjóðnum.<sup>1</sup>
- 4.6 Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð.
- 4.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að fela öðrum lífeyrissjóði daglegan rekstur og umsýslu fyrir sjóðinn að hluta eða öllu leyti í samræmi við samþykktir þessar og eftir tilvísun sjóðsstjórnar.
- 4.8 Framkvæmdastjóri eða sá aðili sem annast rekstur sjóðsins skv. grein 4.7, skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.9 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Sama gildir um maka stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
- 4.10 Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.
- 4.11 Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

## 5 gr. Ársfundur

- 5.1 Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og skal boða til hans með almennri auglýsingu með minnst 14 daga fyrirvara. Með sama fyrirvara má boða til aukaársfundar.
- 5.2 Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Hver fundarmaður fer með eitt atkvæði. Stjórn sjóðsins er skylt að taka til umfjöllunar þær tillögur sem hljóta meirihluta atkvæða. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. mars ár hvert. Um breytingar á samþykktum sjóðsins fer skv. grein 28.

---

<sup>1</sup> Kom inn sem nýtt ákvæði í júní 2004. Á móti var felld niður grein 6.2 þess efnis að borgarendurskoðandi væri endurskoðandi sjóðsins

- 5.3 Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir:
  - 5.3.1 Skýrslu stjórnar.
  - 5.3.2 Ársreikningi fyrir síðasta starfsár.
  - 5.3.3 Tryggingafræðilegri athugun.
  - 5.3.4 Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
  - 5.3.5 Tilnefningu stjórnarmanna og varamanna þeirra.
  - 5.3.6 Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.
  - 5.3.7 Breytingum á samþykktum sjóðsins
  - 5.3.8 Önnur mál.

## **6 gr. Ársreikningur og endurskoðun**

- 6.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja í samræmi við góða reiknisskilavenju og endurskoðaðir reikningar skulu liggja frammi eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

## **7 gr. Tryggingafræðileg úttekt**

- 7.1 Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag deilda sjóðsins í samræmi við 24. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Leiði tryggingafræðileg athugun á sjóðnum í ljós, að fjárhagur hans sé ótryggur, skal tryggingafræðingurinn gera tillögur til sjóðsstjórnarinnar, á hvern hátt skuli efla sjóðinn.

## **8 gr. Iðgjöld**

- 8.1 Iðgjald er 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót.
- 8.2 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldunum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan 10 daga frá útborgun launanna. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 8.3 Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 8% af þeim föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 8.4 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna. Eftir að iðgjaldagreiðslur falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða samkv. 95 ára reglu, sbr. gr. 12.2, skal launagreiðandi greiða 12% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins, sbr. þó 22 gr.
- 8.5 Launþegi sem yngri er en 16 ára greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri. Iðgjaldagreiðslum skal hætt eigi síðar en í lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

## **9 gr. Ábyrgð launagreiðanda**

- 9.1 Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

## 10 gr. Fjárfestingarstefna

10.1 Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

10.2 Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingastefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávikjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla I. nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

10.3 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaformum, sbr. gr. 10.1. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

10.4 Á ársfundi skal stjórnin leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári, svo og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

## 11 gr. A-deild og B-deild

11.1 Við sjóðinn eru tvær deildir, A-deild og B-deild. Ákvæði 12. - 18. gr. eiga aðeins við um A-deild en um B-deild er sérstaklega fjallað í 24. gr.

## 12 gr. Réttur til ellilífeyris

12.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til A-deildar sjóðsins í a.m.k. 5 ár, á rétt á ellilífeyri frá næstu mánaðarmótum eftir að hann verður 65 ára.

12.2 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og sjóðfélagaaldur sé 95 ár, hann orðinn 60 ára og lætur af störfum hjá Reykjavíkurborg, á hann rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjöld til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Ellilífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður, þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár, frá því að iðgjaldaskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

12.3 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri samkvæmt gr. 12.1 bætist við 1% af launum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

12.4 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. gr. 12.3, samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

- 12.5 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum, skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
- 12.6 Nú hefur sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn og skal þá miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi, annars vegar þann tíma, sem lífeyrir reiknast 2% á ári, og hins vegar þann tíma, sem hann reiknast 1% á ári. Láti sjóðfélagi, sem náð hefur 65 ára aldri, af starfi sínu að hluta, er stjórn sjóðsins heimilt að úrskurða honum hlutfallslegan ellilífeyri. Ellilífeyrir vegna þess hluta starfsins, er hann heldur áfram, skal síðan úrskurðaður, er hann lætur að fullu af starfi.
- 12.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á eftirlaun allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 12.8 Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 12.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkv. ákvæðum gr. 12.5 og 16. 1. og 16.2 eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 12.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst. Sjóðfélagar sem hefja töku á hálfum lífeyri, sbr. 12.11 og 12.12, í beinu framhaldi af starfi, skulu eiga þess kost að nýta sér heimild þessa ákvæðis hvað varðar báða helminga réttinda sinna.
- 12.9 Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreytingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. gr. 12.4. Hafi hann látið af störfum fyrir 30. júní 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 30. júní 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- 12.10 Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri samkvæmt 12.8 lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra sem haft hafa viðmiðun við það, upp frá því fara eftir 12.4.
- 12.11 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris getur ákveðið að hefja töku hálf lífeyris hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka á hálfum lífeyri hefur ekki áhrif á fjárhæð þess lífeyris sem frestað er. Skilyrði fyrir greiðslu á hálfum lífeyri er að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum, sbr. 3. gr. samþykktu þessa. Kalla skal eftir upplýsingum um viðmiðunarlaun sbr. 12.3. frá launagreiðanda við töku á hálfum lífeyri og skulu þau viðmiðunarlaun einnig gilda þegar sjóðfélagi óskar eftir greiðslu á fullum lífeyri.

12.12 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá fjárhæð ellilífeyris helmingast frá og með næstu mánaðarmótum eftir að sótt er um hálfan lífeyri. Taka á hálfum lífeyri hefur ekki áhrif á fjárhæð hins frestaða hluta. Þegar sjóðfélagi óskar eftir greiðslu á fullum lífeyri skal fjárhæð lífeyris tvöfaldast frá og með næstu mánaðarmótum eftir að sótt er um fullan lífeyri.

### 13 gr. Ellilífeyrir af vaktaálagi

- 13.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr lífeyrissjóðnum, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 13.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kl. 22.00 – 09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 13.3 Iðgjald er 12% af vaktaálagsgreiðslum. Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 13.4 Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli verða viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið. Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrri ára.
- 13.5 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- 13.6 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

### 14 gr. Örorkulífeyrir

- 14.1 Hver sjóðfélagi sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þó skulu þeir sjóðfélagar, sem eru í launalausum leyfi með samþykki borgarráðs, halda áunnum réttindum sínum að þessu leyti. Örorkumat skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.
- 14.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt gr. 12.3 að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í samræmi við ákvæði gr. 12.4.

- 14.3 Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meira, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum. 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 14.4 Skytt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar er til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 14.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.
- 14.6 Sjóðfélagar sem hefja töku örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykktu þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 12.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 12.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.

## 15 gr. Makalífeyrir

- 15.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum, áður en sjóðfélagi lést.
- 15.2 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum, sem eru til viðmiðunar ellilífeyris sjóðfélagans samkv. gr. 12.4 eða eftir atvikum gr.12.8. Maki sjóðfélaga hefur sömu heimildir til breytinga á viðmiðun makalífeyris og sjóðfélaginn sbr. gr. 12.8. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 20% að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, allt að 32 árum. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en sjóðfélaginn öðlaðist rétt til ellilífeyris, bætist við 0,5% af launum, en 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri. Hafi sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn, skal miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi með sama hætti og segir í gr. 12.6.
- 15.3 Ákvörðun sjóðfélaga um töku á hálfum lífeyri, sbr. 12.11 og 12.12, skal ekki skerða rétt maka til lífeyris úr sjóðnum.
- 15.4 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 15.5 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.



15.6 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar (15.1) um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

## 16 gr. Frestun töku ellilífeyris

- 16.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá borginni eða stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður og skal þá reikna ellilífeyri eftir því starfinu sem hærra er launað.
- 16.2 Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.
- 16.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. gr. 16.1 eða 16.2. eða samkv. 12.5. skal ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. gr. 12.4 frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

## 17 gr. Barnalífeyrir

- 17.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.
- 17.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.
- 17.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrispega skal vera jafn margir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hlutar af hámarksörorkulífeyri.
- 17.4 Fósturbörn er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

## 18 gr. Geymd réttindi

- 18.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að launagreiðslur falla niður, enda hafi iðgjöld ekki verið endurgreidd á því tímabili, sbr. 19. gr.

- 18.2 Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins 5 ár eða lengur, fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt hann hverfi úr sjóðnum, en miðast við áunninn lífeyrisrétt, þó með þeirri breytingu að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættu ½ % af launum fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðsla lauk, sbr. 15.2. gr.
- 18.3 Hafi iðgjöld verið greidd í skemmri tíma en 5 ár, flytjast þau sjálfkrafa til B-deildar sjóðsins, og geymast þar og veita rétt í samræmi við ákvæði 24.6. gr.
- 18.4 Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. gr. 12.4.

### **19 gr. Flutningur réttinda og endurgreiðsla**

- 19.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur þar um.
- 19.2 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum

### **20 gr. Greiðsla lífeyris**

- 20.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrirfram.
- 20.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla í B-deild ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. þriggja stiga réttinda og fyrirsjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

### **21 gr. Veðsetning réttinda óheimil**

- 21.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum.

## 22 gr. Endurgreiðsla launagreiðanda

22.1 Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundraðshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.

Taki starfsmenn aðildarstofnunar ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall stofnunar sérstaklega eftir sömu aðferð og segir í fyrstu málsgrein

22.2 Stjórn sjóðsins getur heimilað launagreiðanda sem þess óskar að samtímagreiða lífeyrisskuldbindingar með móttframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og fellur þá niður skylda hans til endurgreiðslu lífeyris samkvæmt grein 22.1

22.3 Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að taka á móti greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi frá launagreiðendum til uppgjors á áföllnum skuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati.

Sé skuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það uppfylla ákvæði 10. greinar

## 23 gr. Eldri réttindaákvæði

23.1 Tími fyrir árslok 1955, sem starfsmaður hefur verið fastráðinn í þjónustu Reykjavíkurborgar eða stofnana hennar, skal talinn til réttindatíma hjá sjóðnum, eins og verið hefur skv. eldri reglugerðarákvæðum.

23.2 Sjóðfélagar 31. desember 1955 greiða iðgjöld til sjóðsins samkvæmt 8.2 gr. uns samanlagður viðurkenndur starfsaldur (sjóðfélagaaldur) þeirra og lífaldur nemur 95 árum, sbr. ennfremur 3.mgr. Þeir, sem ekki kjósa að notfæra sér heimild til töku ellilífeyris samkvæmt (95 ára reglu 12. gr.) skulu þó aldrei greiða iðgjöld lengur en í 32 ár.

23.3 Réttur til lífeyris, miðaður við 32 ára iðgjaldagreiðslutíma, sbr. 8.4. gr. og 12.3. gr. er bundinn því skilyrði, að sjóðfélagi greiði iðgjald til sjóðsins í 32 ár eða, eigi 2. mgr. þessarar greinar við, í tvö ár umfram 95 ára samanlagðan sjóðfélagaaldur og lífaldur.

## 24 gr. B-deild

24.1 Auk aðalsjóðsins (A-deildar), sem ákvæði 1.-23. gr. samþykktar þessarar gilda um, skal vera sérstök deild, er nefnist B-deild, fyrir þá sjóðfélaga 16 ára og eldri, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði um ráðningu, starfshlutfall og starfstíma þann tíma er iðgjöld voru greidd til sjóðsins. Aðalsjóðurinn og B-deild hans skulu hafa sameiginlegan fjárhag. Um lífeyrisréttindi, er iðgjaldagreiðslur þessar veita, skulu gilda bótaákvæði samræmdrar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá 12. desember 1995 eins og nánar er kveðið á um hér á eftir.

24.2 Grundvöllur lífeyrisréttinda.

24.2.1 Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.

- 24.2.2 Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084, og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 24.2.3 Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10 föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 24.2.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu.
- 24.2.4 Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 24.2.5 Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 24.2.6 Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. gr. 24.2.2 fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum gr. 20.2.
- 24.3 Ellilífeyrir.
- 24.3.1 Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 24.3.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 24.3.3 Heimilt er sjóðfélaga að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 24.3.4 Heimilt er sjóðfélaga að flýta töku lífeyris, þó skal taka lífeyris ekki hefjast fyrr en við 60 ára aldur. Skal áunninn lífeyrisréttur lækkaður um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt frá 67 ára aldri.
- 24.3.5 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris getur ákveðið að hefja töku hálf lífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 24.3.6. Ákvæði 24.3.4. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 24.3.3. skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð. Skilyrði fyrir greiðslu á hálfum lífeyri er að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum, sbr. 24.1 og/eða 3. gr. samþykka þessara.
- 24.3.6 Hefji sjóðfélagi töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur er sú ákvörðun endanleg. Réttur til örorkulífeyris fellur því miður frá þeim tíma er greiðsla ellilífeyris hefst.
- 24.3.7 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 24.3.3. og 24.3.4. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæðum 24.3.3. og 24.3.4. Sjóðfélagi sem nýtir sér heimild ákvæðis þessa telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttidnum endanlega samkvæmt ákvæði 24.3.6.

#### 24.4 Örorkulífeyrir.

- 24.4.1 Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 24.4.3 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, eða greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- 24.4.2 Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 24.4.3 Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og álitni trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til að gegna almennum störfum.
- 24.4.4 Heimilt er, að fengnu álitni trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 24.4.5 Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 24.4.1
- 24.4.6 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 24.4.3 hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 24.4.7 Skylt er sjóðfélaga sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 24.4.8 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.
- 24.4.9 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

#### 24.5 Makalífeyrir.

- 24.5.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 24.5.2 Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 24.5.3 Stofnist réttur til makalífeyris skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 24.5.4 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 24.5.1- 24.5.3 til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

- 24.5.5 Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7.
- 24.5.6 Ekkja eða ekill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlát, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.
- 24.6 Nú öðlast sjóðfélagi B-deildar aðild að aðalsjóðnum, og flytjast þá iðgjöld B-deildar sjálfkrafa til aðalsjóðsins. Við úrgöngu úr B-deild, gilda ella ákvæði 18.1. gr. Láti sjóðfélagi iðgjöld sín óhreyfð, fellur réttur til elli-,örorku- og makalífeyris ekki niður að 6 mánaða tímabilinu loknu, en miðast einungis við áunnin stig, án tillits til lengdar iðgjaldagreiðslutíma og fjölda áunninna stiga.

## 25 gr. Yfirlit um réttindi

- 25.1 Senda skal sjóðfélögum eigi sjaldnar en tvisvar á ári yfirlit yfir greidd iðgjöld þeirra vegna. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt skal upplýsa sjóðfélaga um áunnin og væntanleg réttindi hans, um rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins, helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar og breytingar á samþykktum

## 26 gr. Meðferð ágreiningsmála

- 26.1 Telji sjóðfélagi sig ekki njóta rétttra viðmiðunarlauna til ákvörðunar lífeyris, getur hann skotið málinu til ákvörðunar kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar sem skal kynna honum niðurstöðu sína skriflega innan 14 daga frá því að kvörtun hans barst. Þessari ákvörðun getur sjóðfélagi skotið til stjórnar sjóðsins. Áður en stjórn sjóðsins tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar samstarfsnefndar sbr. 27. gr. um málið.
- 26.2 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði stjórnar sjóðsins í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var bréflaga um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármáleftirlitinu, sem skal vera formaður dómsins. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga, sem lágu fyrir sjóðsstjórn, er hún tók ákvörðun sína í málinu. Komi fram ný sönnunargögn, málsástæður eða upplýsingar við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðsstjórnar til endurupptöku. Sjóðsstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt þannig að sjóðfélaginn greiðir 1/3 hluta en lífeyrissjóðurinn greiðir 2/3 hluta. Um málsmeðferð samkvæmt gerðardómi fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

## 27 gr. Samstarfsnefnd

- 27.1 Stjórn sjóðsins skal skipa sérstaka samstarfsnefnd til að fylgjast með viðmiðum fyrir þá sjóðfélaga sem taka lífeyri skv. eftirmannsreglu.
- 27.2 Samstarfsnefnd skal gefa stjórn sjóðsins umsögn um ágreiningsmál sem þar eru til meðferðar.

## 28. gr. Gildistökuákvæði

- 28.1 Sjóðfélagar, sem njóta lífeyris við gildistöku samþykktu þessara, skulu frá þeim tíma taka lífeyri samkvæmt ákvæðum hennar, nema þeir eigi meiri rétt samkvæmt eldri reglugerð.
- 28.2 Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að kynnar þær á ársfundi, sbr. gr. 5.3.6, ef slíkar breytingar leiða beint af ófrávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Aðrar breytingar á samþykktunum skal stjórn sjóðsins kynna á ársfundi eða aukaársfundi.
- 28.3 Breytingar á samþykktum þessum eru háðar samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur að höfðu samráði við heildarsamtök starfsmanna sem aðild eiga að sjóðnum. Breytingar taka fyrst gildi þegar fjármálaráðuneytið hefur staðfest þær.
- 28.4 Samþykktir þessar gilda svo breyttar frá staðfestingu þeirra og koma í stað eldri samþykktu sjóðsins frá 23. ágúst 2011.

Reykjavík 13. júní 2019

---

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Ása Clausen

---

Janus Arn Guðmundsson

---

Rannveig Ernudóttir

---

Þorgrímur Hallgrímsson



## Minnisblað

Dagsetn. 5. apríl 2019  
Efni: Breytingar á samþykktum LsRb  
Unnið af: Sviðstjóra réttinda- og lögfræðisviðs.

---

Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af breytingum á samþykktum LsRb. Tilefni breytinganna eru aðallega breytingar á almannatryggingalöggjöf þar sem einstaklingum stendur nú til boða að taka hálfm lífeyri almannatrygginga gegn því skilyrði að allir skyldubundnir lífeyrissjóðir þar sem umsækjandi hefur áunnið sér réttindi hafi samþykkt sama fyrirkomulag og staðfest að greiðslur hefjist, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1195/2017 um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar, sbr. 17. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Neðangreint má finna tillögur að breytingum á samþykktum LsRb.

### 1. Hálfur lífeyrir.

Ákvæði um möguleika sjóðfélaga á töku á hálfum lífeyri hefur verið bætt við samþykktir sjóðsins, sbr. ákvæði 12.11. Vísað er til framlagðra minnisblaða unnum af réttindanefnd Landssamtaka lífeyrissjóða (LL). Einnig er vísað til framlagðs álits lögmannna Markarinnar lögmannsstofu sem unnið var fyrir sjóðinn, útreiknings tryggingastærðfræðings sjóðsins á lífeyrisskuldbindingum vegna upptöku á hálfum lífeyri í B deild sjóðsins sem og útreikningum og umræðu á fundum stjórnar LsRb um málið á árinu 2018 og 2019 (fundir stjórnar 10. apríl 2018, 30. apríl 2018, 30. maí 2018 og 13. mars 2019).

Rétt er að taka fram að ákvæðið eins og það kemur fram í samþykktum sjóðsins nú er mögulega ekki endanlegt, þar sem það nær eingöngu til þeirra sem hafa lagt af störfum eða eiga svokölluð geymd réttindi. Rýna þarf betur áhrif ákvæðis um hálfan lífeyri á þá sem eru virkir í sjóðnum og mögulega kjósa að greiða áfram inní sjóðinn af hálfu starfi.

Vísað er til ákvæðis 54. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem er ætlað að vernda annars vegar hagsmuni þeirra sem voru sjóðfélagar í eldra lífeyriskerfi (B deild), sem fólust í því að vera áfram í því kerfi, og hins vegar hagsmuni launagreiðenda sjóðsins, af því að reglum um iðgjalda- og réttindagrundvöll verði ekki breytt, sem gæti haft áhrif á lífeyrisskuldbindingu launagreiðendanna.

Vegna framangreinds er því nú farin sú leið að skilyrða töku á hálfum lífeyri við að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum. Rétt er að geta þess að aðra útfærslu er að finna í lögum um LsR hvað varðar B deild þess sjóðs og hálfan lífeyri.

Athuga skal að ákvæði um hálfan lífeyri er einnig bætt við B deild LsRb sbr. nýtt ákvæði 24.3.5.





## Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

### 2. „...og láti af starfi sínu hjá Reykjavíkurborg“.

Skilyrði greiðslu ellilífeyris skv. ákvæði 1. mgr. 12. gr. er að sjóðfélagi sé orðinn 65 ára, hafi greitt iðgjöld til A-deildar sjóðsins í a.m.k. 5 ár **og láti af starfi sínu hjá Reykjavíkurborg**. Hefð hefur skapast hjá Reykjavíkurborg og stofnunum hennar að heimila starfsmönnum að minnka starfshlutfall sitt undir 50% í stað þess að starfsmenn láti alfarið af starfi. Með því að minnka starfshlutfall sitt undir 50% uppfylla sjóðfélagar ekki lengur skilyrði til aðildar að sjóðnum, sbr. ákvæði 1. ml. 2. mgr. 3. gr. samþykkt sjóðsins og greiða því eftirleiðis til Brúar lífeyrissjóðs en hefja töku lífeyris hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

- Nauðsynlegt er að breyta orðalagi samþykktanna þannig að orðalag sé í samræmi við framkvæmd.

Það skal athugast að breytingartillaga þessi er einnig sett fram með vísan til athugasemda innri endurskoðanda þar sem fram kom eftirfarandi athugasemd við síðustu og þarsíðustu skoðun hans: *“Orðalag samþykkt LsRb ætti að vera í samræmi við framkvæmd en lífeyrir er greiddur þótt lífeyrisþegi hafi ekki látið af störfum eins og samþykktir LsRb kveða á um”.*

### 3. Af „eftirmannsreglu“ yfir á „meðaltalsreglu“ sé starf lagt niður.

Svohljóðandi ákvæði er bætt við samþykktir LsRb, sbr. ákvæði 12.10: *„Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri samkvæmt 12.8 lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra sem haft hafa viðmiðun við það, upprá því fara eftir 12.4.“*

Ákvæðið kveður á um að sé starf sem er til viðmiðunar lífeyris lífeyrisþega, sem valið hefur svokallað eftirmannsreglu, lagt niður hjá launagreiðanda fylgi viðmiðun lífeyris upprá því svokallaðri meðaltalsreglu, sem er meginregla sjóðsins hvað varðar viðmiðun við lífeyri.

Framkvæmd eftirmannsreglu hefur verið flókin, en erfiðlega hefur gengið að fá upplýsingar um viðmiðunarlaun frá launagreiðendum fyrir þá lífeyrisþega sem fylgja eftirmannsreglu. Skýrist það einkum af því að upplýsingar um það hvaða starfi viðkomandi lífeyrisþegi gengdi eru almennt ekki vistaðar hjá launagreiðendum þannig að aðgengilegar séu. Oft þarf því að treysta á þekkingu launadeildar á viðkomandi lífeyrisþega og starfi hans. Einnig hefur eðli starfa breyst í mörgum tilfellum, svið sameinast, ábyrgð aukist o.s.frv. þannig að í raun er ekki um sama starf að ræða og lífeyrisþegi gengdi. Hafi lífeyrisþegi valið eftirmannsreglu í slíkum tilfellum fást mjög oft engar upplýsingar um viðmiðunarlaun eftirmanns. Er því umræddu ákvæði bætt við samþykktir til þess að tryggja að ekki komi upp sú staða að viðmiðun lífeyris lífeyrisþega verði í raun engin ef starf hefur verið lagt niður.

Sjóðurinn hefur sent bréf til lífeyrisþega hafi engar upplýsingar um viðmiðun skilað sér til sjóðsins. Ákvæðið er hugsað sem leið fyrir sjóðinn til þess að tryggja að lífeyrisþegi haldi ávallt viðmiðun lífeyris og færast yfir á svokallaða meðaltalsreglu, verði svokölluð eftirmannsregla óvirk vegna niðurfellingar starfs hjá launagreiðanda.

Þannig er þjónusta aukin við lífeyrisþega sjóðsins og ekki gert ráð fyrir að lífeyrisþegi þurfi sjálfur að bregðast við aðstæðum sem þessum með því að sækja sérstaklega um breytingu á viðmiði lífeyris.



## Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

### 4. Eingreiðsluviðmið hækkað úr 1 stigi í a.m.k. 2 stig

Óskað eftir samþykki fyrir því að hækka eingreiðsluviðmið í B deild LsRb, sbr. ákvæði 20.2. Í núgildandi samþykktum er miðað við 1 stig. Fjárhæð mánaðarlegs lífeyris **1 stigs** m.v. 67 ára lífeyristökualdur er, þegar þetta minnisblað er ritað, **kr. 1.826** en **2 stiga** m.v. 67 ára lífeyristökualdur er, þegar þetta minnisblað er ritað, **kr. 3.652**. Fjárhæð mánaðarlegs lífeyris **3 stiga** m.v. 67 ára lífeyristökualdur er, þegar þetta minnisblað er ritað, **kr. 5.478**. Til samanburðar má nefna að eingreiðsluviðmið í A og V deildum Brúar lífeyrissjóðs er, þegar minnisblað þetta er ritað, kr. 3.468.

2019-05-13

Hr. Gerður Guðjónsdóttir, frkv.stj.  
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

**Efni: Áhrif á tryggingafræðilega stöðu af tillögum sem til breytinga á samþykktum sem lagðar verða fyrir stjórnarfund Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 14.5.2019**

Breytingar eru samkvæmt greinargerð í 4 liðum. Tillögur 2-4 lúta að því að (2) fest verði í samþykktir sú vinnuregla að minnkun á starfshlutfalli niður fyrir 50% uppfylli skilyrði um að látið hafi verið af störfum svo greiðsla eftirlauna geti hafist, (3) að viðmiðun eftirlauna færist yfir í vísitölu launa opinberra starfsmanna ef starf er lagt niður og svo (4) að hækka það lágmark sem greiða megi út sem eingreiðslu.

Engin þessara breytinga ætti að hafa áhrif á mat á tryggingafræðilegri stöðu, (2) orðar viðtekið verklag, varðandi (3) er þess að gæta að í mati á tryggingafræðilegri er ekki gerður munur á hvort miðað er við laun eftirmanns eða vísitölu launa og loks (4) er sú eingreiðsla sem innt er af hendi reiknuð þannig að verðmæti hennar sé jafnt tryggingafræðilegu mati þess lífeyris sem niður fellur.

Fyrsta tillagan er svo um heimild til þess að taka hálfan lífeyri, sem fyrir virka sjóðfélaga er þó bundin því skilyrði að samhliða sé greiðsla iðgjalda til sjóðsins hætt. Með minnisblaði frá 2018-05-25 voru skoðaðar þrjár sviðsmyndir um áhrif þess á tryggingafræðilega stöðu að leyfa töku hálfis lífeyris. Niðurstaðan var að slík breyting myndi lækka skuldbindingar vegna geyms lífeyris, en fyrir virka sjóðfélaga gæti breytingin valdið hækkun, sem þó yrði minni en lækkan vegna geymdra réttinda ef allir nýttu sér þann rétt sem stofnast. Sú leið sem valin er í núverandi tillögum er sú leið sem minnstri hækkun myndi valda vegna virkra sjóðfélaga og þyrfti töluvert herra hlutfall virkra sjóðfélaga að velja töku hálfis lífeyris en þeirra sem hættir eru til að skuldbindingar sjóðsins myndu hækka. Þá var á það bent í minnisblaðinu að það sem dýrast er fyrir sjóðinn er að sjóðfélagar nýti rétt sinn til að taka fullan lífeyri eins fljótt og þeim er auðið. –

Í ljósi þessa tel ég rétt að meta það svo að þessi breyting valdi ekki hækkun á mati skuldbindinga sjóðsins. Meðfylgjandi er staðlað eyðublað FME sem sýnir óbreytta stöðu skuldbindinga.

Virðingarfyllst,  
TBG ehf.



Bjarni Guðmundsson

## Samþykktir

### LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA REYKJAVÍKURBORGAR

#### 1. gr. Heiti og varnarþing

- 1.1 Nafn sjóðsins er „Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar“. Er hann eign borgarsjóðs Reykjavíkur og sjóðfélaga með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum þessarar samþykktar. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík. Sjóðurinn var stofnaður með samþykki bæjarstjórnar 2. janúar 1930 og hét þá „Eftirlaunasjóður Reykjavíkurborgar“. Gilti reglugerð fyrir hann frá 1. janúar sama ár.

#### 2. gr. Hlutverk

- 2.1 Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum, er greinir í samþykktum þessum. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum, A-deild og B-deild, eins og nánar er kveðið á um í samþykktum þessum.

#### 3. gr. Sjóðfélagar

- 3.1 Sjóðfélagi er sá sem greitt er fyrir, greiðir eða hefur greitt iðgjald til lífeyrissjóðsins og á hjá honum réttindi.
- 3.2 Þeir einir hafa rétt til að greiða áfram til sjóðsins sem voru sjóðfélagar í júní 1998, hafa átt aðild að sjóðnum óslitið frá þeim tíma, eru í eigi minna en hálfu starfi og taka kjör samkvæmt kjarasamningum byggðum á lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða kjaraákvörðunum um æðstu embættismenn Reykjavíkurborgar. Hafi iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga fallið niður vegna launalauss leyfis eða veikinda á viðkomandi rétt til að hefja aftur greiðslu iðgjalda innan 12 mánaða frá því að greiðsla iðgjalda féll niður.
- 3.3 Óheimilt er að veita móttöku iðgjalda vegna annarra frá 1. júlí 1998 sbr. lög nr. 129 frá 1997.
- 3.4 Aðild að sjóðnum fellur niður ef sjóðfélagi fær útborguð réttindi sín í einu lagi eða þau flytjast samkvæmt gr. 19 í annan lífeyrissjóð.

#### 4 gr. Skipun og starfshættir stjórnar

- 4.1 Stjórn sjóðsins skipa þrjú fulltrúar Reykjavíkurborgar sem borgarráð tilnefnir, þar af einn sem formann, og tveir sjóðfélagar tilnefndir til fjögurra ára af [Sameyki \(áður Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar\)](#) og jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.
- 4.2 Stjórnin skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur; hún skal halda gerðabók og rita í hana allar ákvarðanir sínar. Til þess að ákvörðun sé löglega samþykkt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.
- 4.3 Stjórnarmenn í lífeyrissjóðnum svo og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi eða í öðrum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

- 4.4 Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri-háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
- 4.5 Stjórn sjóðsins ræður forstöðumann eigin endurskoðunardeildar eða semur við sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila um innra eftirlit. Stjórnin ræður enn fremur löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun hjá sjóðnum.<sup>1</sup>
- 4.6 Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð.
- 4.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að fela öðrum lífeyrissjóði daglegan rekstur og umsýslu fyrir sjóðinn að hluta eða öllu leyti í samræmi við samþykktir þessar og eftir tilvísun sjóðsstjórnar.
- 4.8 Framkvæmdastjóri eða sá aðili sem annast rekstur sjóðsins skv. grein 4.7, skal veita stjórn og endurskoðanda allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðsins sem þeir óska.
- 4.9 Stjórnarmaður lífeyrissjóðs eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls, ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki, þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Sama gildir um maka stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga. Skylt er þeim, sem í hlut á, að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfi skv. framansögðu.
- 4.10 Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru til þess fallnar, að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra, eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það, sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.
- 4.11 Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórn um atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í, getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

## 5 gr. Ársfundur

- 5.1 Ársfundur sjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og skal boða til hans með almennri auglýsingu með minnst 14 daga fyrirvara. Með sama fyrirvara má boða til aukaársfundar.
- 5.2 Allir sjóðfélagar svo og fulltrúar Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélag eiga rétt til fundarsetu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétti. Hver fundarmaður fer með eitt atkvæði. Stjórn sjóðsins er skylt að taka til umfjöllunar þær tillögur sem hljóta meirihluta atkvæða. Tillögur um breytingar á samþykktum þessum skulu hafa borist stjórn sjóðsins fyrir 1. mars ár hvert. Um breytingar á samþykktum sjóðsins fer skv. grein 28.

<sup>1</sup> Kom inn sem nýtt ákvæði í júní 2004. Á móti var felld niður grein 6.2 þess efnis að borgarendurskoðandi væri endurskoðandi sjóðsins

Deleted: 08 2011

- 5.3 Á ársfundi skal leggja fram og gera grein fyrir:
- 5.3.1 Skýrslu stjórnar.
  - 5.3.2 Ársreikningi fyrir síðasta starfsár.
  - 5.3.3 Tryggingafræðilegri athugun.
  - 5.3.4 Fjárfestingarstefnu sjóðsins.
  - 5.3.5 Tilnefningu stjórnarmanna og varamanna þeirra.
  - 5.3.6 Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins.
  - 5.3.7 Breytingum á samþykktum sjóðsins
  - 5.3.8 Önnur mál.

#### **6 gr. Ársreikningur og endurskoðun**

- 6.1 Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja í samræmi við góða reiknisskilavenju og endurskoðaðir reikningar skulu liggja frammi eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs.

#### **7 gr. Tryggingafræðileg úttekt**

- 7.1 Árlega skal stjórn sjóðsins láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag deilda sjóðsins í samræmi við 24. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Leiði tryggingafræðileg athugun á sjóðnum í ljós, að fjárhagur hans sé ótryggur, skal tryggingafræðingurinn gera tillögur til sjóðsstjórnarinnar, á hvern hátt skuli efla sjóðinn.

#### **8 gr. Iðgjöld**

- 8.1 Iðgjald er 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót.
- 8.2 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldunum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan 10 daga frá útborgun launanna. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.
- 8.3 Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 8% af þeim föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.
- 8.4 Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna. Eftir að iðgjaldagreiðslur falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða samkv. 95 ára reglu, sbr. gr. 12.2, skal launagreiðandi greiða 12% af launum þeim sem tilgreind eru í 2. mgr. þessarar greinar í iðgjald til sjóðsins, sbr. þó 22 gr.
- 8.5 Launþegi sem yngri er en 16 ára greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri. Iðgjaldagreiðslum skal hætt eigi síðar en í lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

#### **9 gr. Ábyrgð launagreiðanda**

- 9.1 Borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

Deleted: 08 2011

## 10 gr. Fjárfestingarstefna

10.1 Stjórn sjóðsins mótar fjárfestingastefnu sjóðsins og sér um ráðstöfun á fjármagni hans og er henni skylt að ávaxta það með hliðsjón af þeim kjörum, sem best eru boðin á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins.

10.2 Fjárfestingar sjóðsins og fjárfestingastefna hans skulu vera í samræmi við heimildir laga og uppfylla allar þær kröfur um form og efni, sem gerðar eru í ófrávikjanlegum ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nú VII. kafla l. nr. 129/1997, og bindandi stjórnvaldsfyrirmælum á hverjum tíma.

10.3 Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaförum, sbr. gr. 10.1. Þar skal enn fremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetningu, seljanleika og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

10.4 Á ársfundi skal stjórnin leggja fram fjárfestingarstefnu og gera grein fyrir breytingum frá fyrra ári, svo og leggja fram fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár.

## 11 gr. A-deild og B-deild

11.1 Við sjóðinn eru tvær deildir, A-deild og B-deild. Ákvæði 12. - 18. gr. eiga aðeins við um A-deild en um B-deild er sérstaklega fjallað í 24. gr.

## 12 gr. Réttur til ellilífeyris

12.1 Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til A-deildar sjóðsins í a.m.k. 5 ár, á rétt á ellilífeyri frá næstu mánaðarmótum eftir að hann verður 65 ára,

Deleted: , enda láti hann þá af störfum hjá Reykjavíkurborg

12.2 Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og sjóðfélagaaldur sé 95 ár, hann orðinn 60 ára og lætur af störfum hjá Reykjavíkurborg, á hann rétt á ellilífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjöld til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Ellilífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður, þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár, frá því að iðgjaldaskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér eigi þessa heimild áður en hann nær 64 ára aldri, skal um iðgjaldagreiðslur hans og lífeyri fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri.

12.3 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins. Fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri samkvæmt gr. 12.1 bætist við 1% af launum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

12.4 Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. gr. 12.3, samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.

Deleted: 08 2011

- 12.5 Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagatíma sínum, skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár, ella skal miða við það hærra launaða starf, sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár.
- 12.6 Nú hefur sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn og skal þá miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi, annars vegar þann tíma, sem lífeyrir reiknast 2% á ári, og hins vegar þann tíma, sem hann reiknast 1% á ári. Láti sjóðfélagi, sem náð hefur 65 ára aldri, af starfi sínu að hluta, er stjórn sjóðsins heimilt að úrskurða honum hlutfallslegan ellilífeyri. Ellilífeyrir vegna þess hluta starfsins, er hann heldur áfram, skal síðan úrskurðaður, er hann lætur að fullu af starfi.
- 12.7 Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á eftirlaun allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar.
- 12.8 Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykktá þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 12.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar fyrir hærra launað starf samkv. ákvæðum gr. 12.5 og 16. 1. og 16.2 eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 12.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst. Sjóðfélagar sem hefja töku á hálfum lífeyri, sbr. 12.11 og 12.12, í beinu framhaldi af starfi, skulu eiga þess kost að nýta sér heimild þessa ákvæðis hvað varðar báða helminga réttinda sinna.
- 12.9 Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum skal upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða skal við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við meðalbreiðingar, sem urðu á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því og þar til taka lífeyris hefst sbr. gr. 12.4. Hafi hann látið af störfum fyrir 30. júní 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 30. júní 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.
- 12.10 Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri samkvæmt 12.8 lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra sem haft hafa viðmiðun við það, upp frá því fara eftir 12.4.
- 12.11 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris getur ákveðið að hefja töku hálf lífeyris hvenær sem er eftir að 65 ára aldri er náð. Taka á hálfum lífeyri hefur ekki áhrif á fjárhæð þess lífeyris sem frestað er. Skilyrði fyrir greiðslu á hálfum lífeyri er að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum, sbr. 3. gr. samþykktá þessa. Kalla skal eftir upplýsingum um viðmiðunarlaun sbr. 12.3. frá launagreiðanda við töku á hálfum lífeyri og skulu þau viðmiðunarlaun einnig gilda þegar sjóðfélagi óskar eftir greiðslu á fullum lífeyri.

Deleted: 08 2011



12.12 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá fjárhæð ellilífeyris helmingast frá og með næstu mánaðarmótum eftir að sótt er um hálfan lífeyri. Taka á hálfum lífeyri hefur ekki áhrif á fjárhæð hins frestaða hluta. Þegar sjóðfélagi óskar eftir greiðslu á fullum lífeyri skal fjárhæð lífeyris tvöfaldast frá og með næstu mánaðarmótum eftir að sótt erum fullan lífeyri.

### 13 gr. Ellilífeyrir af vaktálagi

Deleted: ¶

- 13.1 Vaktavinnufólk, það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr lífeyrissjóðnum, enda sé þeim skylt að greiða iðgjald af vaktálagsgreiðslum til sjóðsins.
- 13.2 Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar, það er á tímabilinu frá kl. 22.00 – 09.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.
- 13.3 Iðgjald er 12% af vaktálagsgreiðslum. Sjóðfélagi greiði 4% af vaktálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 8%.
- 13.4 Stjórn sjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli verða viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið. Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.
- 13.5 Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.
- 13.6 Fyrir jafngildi hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

### 14 gr. Örorkulífeyrir

- 14.1 Hver sjóðfélagi sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna meiri en 10%, enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin 3 almanaksár og a.m.k. í 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum. Þó skulu þeir sjóðfélagar, sem eru í launalausum leyfi með samþykki borgarráðs, halda áunnum réttindum sínum að þessu leyti. Örorkumat skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.
- 14.2 Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt gr. 12.3 að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunninn lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í samræmi við ákvæði gr. 12.4.

Deleted: 08 2011

- 14.3 Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meira, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum. 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.
- 14.4 Skytt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar er til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.
- 14.5 Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.
- 14.6 Sjóðfélagar sem hefja töku örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku samþykpta þessara geta þrátt fyrir ákvæði gr. 12.4 valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða hvort þær skulu breytast samkvæmt ákvæðum gr. 12.4. Ákvörðun samkvæmt þessari grein skal tekin eigi síðar en 3 mánuðum eftir að greiðsla lífeyris hefst.

#### 15 gr. Makalífeyrir

- 15.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hjónabandinu eigi verið slitið að lögum, áður en sjóðfélagi lést.
- 15.2 Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum, sem eru til viðmiðunar ellilífeyris sjóðfélagans samkv. gr. 12.4 eða eftir atvikum gr.12.8. Maki sjóðfélaga hefur sömu heimildir til breytinga á viðmiðun makalífeyris og sjóðfélaginn sbr. gr. 12.8. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og er 20% að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, allt að 32 árum. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en sjóðfélaginn öðlaðist rétt til ellilífeyris, bætist við 0,5% af launum, en 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri. Hafi sjóðfélagi ekki verið í fullu starfi allan starfstíma sinn, skal miða lífeyri við meðalhundraðshluta af starfi með sama hætti og segir í gr. 12.6.
- 15.3 Ákvörðun sjóðfélaga um töku á hálfum lífeyri, sbr. 12.11 og 12.12, skal ekki skerða rétt maki til lífeyris úr sjóðnum.
- 15.4 Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.
- 15.5 Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum lífeyrissjóði. Sama regla gildir, ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu, meðan samvistum er eigi slitið.

Deleted: 08 2011

15.6 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en 5 ár, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni eða sambýliskonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýliskonu eða sambýlismanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málslíðar (15.1) um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

#### 16 gr. Frestun töku ellilífeyris

16.1 Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá borginni eða stofnun er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður og skal þá reikna ellilífeyri eftir því starfinu sem hærra er launað.

16.2 Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein ræðir um, er sjóðfélagi heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs trúnaðarlæknis sjóðsins til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsuþrests.

16.3 Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við hærra launað starf en lokastarf skv. gr. 16.1 eða 16.2. eða samkv. 12.5. skal ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkunar á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. gr. 12.4 frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu hærra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

#### 17 gr. Barnalífeyrir

17.1 Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist.

17.2 Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

17.3 Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafn margir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hlutar af hámarksörorkulífeyri.

17.4 Fósturbörn er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

#### 18 gr. Geymd réttindi

18.1 Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og telst hann þá áfram sjóðfélagi í 6 mánuði eftir að launagreiðslur falla niður, enda hafi iðgjöld ekki verið endurgreidd á því tímabili, sbr. 19. gr.

Deleted: 08 2011

- 18.2 Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins 5 ár eða lengur, fellur réttur til elli-, örorku- og makalífeyris ekki niður, þótt hann hverfi úr sjóðnum, en miðast við áunninn lífeyrisrétt, þó með þeirri breytingu að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættu ½ % af launum fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, sbr. 15.2. gr.
- 18.3 Hafi iðgjöld verið greidd í skemmri tíma en 5 ár, flytjast þau sjálfkrafa til B-deildar sjóðsins, og geymast þar og veita rétt í samræmi við ákvæði 24.6. gr.
- 18.4 Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu sbr. gr. 12.4.

#### 19 gr. Flutningur réttinda og endurgreiðsla

- 19.1 Stjórn sjóðsins er heimilt að semja um að taka við réttindum, sem sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum eiga, eða flytja réttindi sjóðfélaga þessa sjóðs til annars lífeyrissjóðs enda sé slíkt heimilt samkvæmt lögum. Við slíkan réttindaflutning skal þess gætt að sjóðurinn beri ekki skaða af honum. Stjórn sjóðsins skal semja við aðra lífeyrissjóði um hvernig skuli fara með réttindi þeirra sem flytjast á milli sjóða og setja nánari reglur þar um.
- 19.2 Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjöld erlendra ríkisborgara sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum, sem Ísland er aðili að. Heimilt er að draga frá endurgreiddu iðgjaldi að viðbættum vöxtum kostnað vegna tryggingaverndar, sem sjóðfélaginn hefur notið, og kostnað vegna umsýslu samkvæmt mati tryggingastærðfræðings. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum

#### 20 gr. Greiðsla lífeyris

- 20.1 Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrirfram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrirfram.
- 20.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla í B-deild ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. **briggja** stiga, réttinda og fyrirjáanlegt er, að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi, samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

Deleted: eins

Deleted: s

#### 21 gr. Veðsetning réttinda óheimil

- 21.1 Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt samþykktum þessum.

Deleted: 08 2011

## 22 gr. Endurgreiðsla launagreiðanda

22.1 Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundraðshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstartímamann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.

Taki starfsmenn aðildarstofnunar ekki laun eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna er sjóðsstjórn heimilt að láta reikna endurgreiðsluhlutfall stofnunar sérstaklega eftir sömu aðferð og segir í fyrstu málsgrein

22.2 Stjórn sjóðsins getur heimilað launagreiðanda sem þess óskar að samtímagreiða lífeyriskuldbindingar með mótframlagi, sem stjórn sjóðsins ákveður að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og fellur þá niður skylda hans til endurgreiðslu lífeyris samkvæmt grein 22.1

22.3 Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að taka á móti greiðslu í reiðufé eða skuldabréfi frá launagreiðendum til uppgjörs á áföllnum kuldbindingum samkvæmt tryggingafræðilegu mati.

Sé kuldbinding launagreiðanda gerð upp með skuldabréfi skal það uppfylla ákvæði 10. greinar

## 23 gr. Eldri réttindaákvæði

23.1 Tími fyrir árslok 1955, sem starfsmaður hefur verið fastráðinn í þjónustu Reykjavíkurborgar eða stofnana hennar, skal talinn til réttindatíma hjá sjóðnum, eins og verið hefur skv. eldri reglugerðarákvæðum.

23.2 Sjóðfélagar 31. desember 1955 greiða iðgjöld til sjóðsins samkvæmt 8.2 gr. uns samanlagður viðurkenndur starfsaldur (sjóðfélagaaldur) þeirra og lífaldur næmur 95 árum, sbr. ennfremur 3.mgr. Þeir, sem ekki kjósa að notfæra sér heimild til töku ellilífeyris samkvæmt (95 ára reglu 12. gr.) skulu þó aldrei greiða iðgjöld lengur en í 32 ár.

23.3 Réttur til lífeyris, miðaður við 32 ára iðgjaldagreiðslutíma, sbr. 8.4. gr. og 12.3. gr. er bundinn því skilyrði, að sjóðfélagi greiði iðgjald til sjóðsins í 32 ár eða, eigi 2. mgr. þessarar greinar við, í tvö ár umfram 95 ára samanlagðan sjóðfélagaaldur og lífaldur.

## 24 gr. B-deild

24.1 Auk aðalsjóðsins (A-deildar), sem ákvæði 1.-23. gr. samþykktar þessarar gilda um, skal vera sérstök deild, er nefnist B-deild, fyrir þá sjóðfélaga 16 ára og eldri, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði um ráðningu, starfshlutfall og starfstíma þann tíma er iðgjöld voru greidd til sjóðsins. Aðalsjóðurinn og B-deild hans skulu hafa sameiginlegan fjárhag. Um lífeyrisréttindi, er iðgjaldagreiðslur þessar veita, skulu gilda bótaákvæði samræmdrar reglugerðar Sambands almennra lífeyrissjóða frá 12. desember 1995 eins og nánar er kveðið á um hér á eftir.

24.2 Grundvöllur lífeyrisréttinda.

24.2.1 Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans samkvæmt reglugerð þessari.

Deleted: 08 2011

- 24.2.2 Til grundvallar stigaútreikningi skal grundvallarfjárhæð í janúar 1996 vera kr. 49.084, og breytist hún mánaðarlega, í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá 174,2 stigum. Verði grundvöllur þessi að dómi sjóðsstjórnar ónothæfur mælikvarði, skal hún ákveða annan stigagrundvöll, svo og tengingu hans við fyrri grundvöll. Sama gildir ef stigagrundvöllur sem ákveðinn hefur verið af sjóðsstjórn reynist síðar ónothæfur.
- 24.2.3 Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í 10 föld iðgjöld sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 24.2.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu.
- 24.2.4 Ekki skal reikna stig fyrir tíma eftir lok þess mánaðar er sjóðfélagi nær 70 ára aldri.
- 24.2.5 Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.
- 24.2.6 Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig, sbr. gr. 24.2.2 fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum gr. 20.2.

#### 24.3 Ellilífeyrir.

- 24.3.1 Hver sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.
- 24.3.2 Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér, margfölduðum með 1,4.
- 24.3.3 Heimilt er sjóðfélagi að fresta töku ellilífeyris allt til 70 ára aldurs og hækkar þá upphæð ellilífeyris vegna réttinda, sem áunnin voru fram til 67 ára aldurs, um 0,8% fyrir hvern mánuð, sem töku hans er frestað.
- 24.3.4 Heimilt er sjóðfélagi að flýta töku lífeyris, þó skal taka lífeyris ekki hefjast fyrr en við 60 ára aldur. Skal áunninn lífeyrisréttur lækkaður um 0,5% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er flýtt frá 67 ára aldri.
- 24.3.5 Sjóðfélagi sem ekki hefur hafið töku ellilífeyris getur ákveðið að hefja töku hálf lífeyris hvenær sem er eftir að 60 ára aldri er náð og telst hann þá hafa ráðstafað þeim hluta ellilífeyrisréttinda sinna, sbr. 24.3.6. Ákvæði 24.3.4. skal gilda um þann hluta sem ráðstafað er fyrir 67 ára aldur. Ákvæði 24.3.3. skal gilda um hinn frestaða hluta eftir að 67 ára aldri er náð. Skilyrði fyrir greiðslu á hálfum lífeyri er að sjóðfélagi hafi látið af því starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum, sbr. 24.1 og/eða 3. gr. samþykka þessara.
- 24.3.6 Hefji sjóðfélagi töku ellilífeyris fyrir 67 ára aldur er sú ákvörðun endanleg. Réttur til örorkulífeyris fellur því miður frá þeim tíma er greiðsla ellilífeyris hefst.
- 24.3.7 Sjóðfélagi sem hefur hafið töku ellilífeyris getur með sérstakri umsókn þar að lútandi, fram til 1. janúar 2020, farið á hálfan ellilífeyri. Skal þá tryggingastærðfræðingur meta sérstaklega áhrif frestunar- og/eða flýtingar á fjárhæð lífeyris enda gilda ekki ákvæði 24.3.3. og 24.3.4. í slíkum tilvikum. Við mat tryggingastærðfræðings skal byggja á því að tryggingafræðilegar skuldbindingar lífeyrissjóðsins breytist ekki, þannig skal byggja á sömu sjónarmiðum og liggja að baki ákvæðum 24.3.3. og 24.3.4. Sjóðfélagi sem nýtir sér heimild ákvæðis þessa telst eftir sem áður hafa ráðstafað réttindum endanlega samkvæmt ákvæði 24.3.6.

Deleted: 08 2011

#### 24.4 Örorkulífeyrir.

- 24.4.1 Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 24.4.3 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, eða greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.
- 24.4.2 Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki, ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal örorkulífeyrir vera hærrí en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.
- 24.4.3 Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess, skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann svo og áliti trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið, skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu, skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.
- 24.4.4 Heimilt er, að fengnu áliti trúnaðarlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bætt gæti heilsufar hans.
- 24.4.5 Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 24.4.1
- 24.4.6 Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjú mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. 24.4.3 hefur varað skemur en í sex mánuði.
- 24.4.7 Skyll er sjóðfélagi sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
- 24.4.8 Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömmuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx, ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrissjóði.
- 24.4.9 Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðun örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærrí en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

#### 24.5 Makalífeyrir.

- 24.5.1 Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum.
- 24.5.2 Sé maki a.m.k. 50% öryrki, skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.
- 24.5.3 Stofnast réttur til makalífeyris skal fullur makalífeyrir alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.
- 24.5.4 Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt 24.5.1- 24.5.3 til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabíl fyrir andlát hans.

Deleted: 08 2011

- 24.5.5 Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,7.
- 24.5.6 Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem var í hjúskap eða óvígðri sambúð, sem öldungis mátti jafna til hjúskapar við andlátíð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar eða stofnar til staðfestrar samvistar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.
- 24.6 Nú öðlast sjóðfélagi B-deildar aðild að aðalsjóðnum, og flytjast þá iðgjöld B-deildar sjálfkrafa til aðalsjóðsins. Við úrgöngu úr B-deild, gilda eila ákvæði 18.1. gr. Láti sjóðfélagi iðgjöld sín óhreyfð, fellur réttur til elli-,örorku- og makalífeyris ekki niður að 6 mánaða tímabilinu loknu, en miðast einungis við áunnin stig, án tillits til lengdar iðgjaldagreiðslutíma og fjölda áunninna stiga.

#### 25 gr. Yfirlit um réttindi

- 25.1 Senda skal sjóðfélögum eigi sjaldnar en tvisvar á ári yfirlit yfir greidd iðgjöld þeirra vegna. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Jafnframt skal upplýsa sjóðfélaga um áunnin og væntanleg réttindi hans, um rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins, helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar úttektar og breytingar á samþykktum

#### 26 gr. Meðferð ágreiningsmála

- 26.1 Telji sjóðfélagi sig ekki njóta rétttra viðmiðunarlauna til ákvörðunar lífeyris, getur hann skotið málinu til ákvörðunar kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar sem skal kynna honum niðurstöðu sína skriflega innan 14 daga frá því að kvörtun hans barst. Þessari ákvörðun getur sjóðfélagi skotið til stjórnar sjóðsins. Áður en stjórn sjóðsins tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar samstarfsnefndar sbr. 27. gr. um málið.
- 26.2 Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði stjórnar sjóðsins í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað málinu til gerðardóms. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því tilkynnt var bréflaga um úrskurðinn. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélagi, einum af lífeyrissjóðnum og oddamanni tilnefndum af Fjármálefirlitinu, sem skal vera formaður dómsins. Gerðardómurinn skal úrskurða í málinu á grundvelli þeirra krafna, sönnunargagna, málsástæðna og annarra upplýsinga, sem lágu fyrir sjóðsstjórn, er hún tók ákvörðun sína í málinu. Komi fram ný sönnunargögn, málsástæður eða upplýsingar við meðferð málsins fyrir gerðardómi, skal málinu vísað aftur til sjóðsstjórnar til endurupptöku. Sjóðsstjórn er þá skylt að taka málið upp að nýju til úrskurðar. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt þannig að sjóðfélaginn greiðir 1/3 hluta en lífeyrissjóðurinn greiðir 2/3 hluta. Um málsmeðferð samkvæmt gerðardómi fer samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma.

Deleted: 08 2011



### 27 gr. Samstarfsnefnd

- 27.1 Stjórn sjóðsins skal skipa sérstaka samstarfsnefnd til að fylgjast með viðmiðum fyrir þá sjóðfélaga sem taka lífeyri skv. eftirmannsreglu.
- 27.2 Samstarfsnefnd skal gefa stjórn sjóðsins umsögn um ágreiningsmál sem þar eru til meðferðar.

### 28. gr. Gildistökuákvæði

- 28.1 Sjóðfélagar, sem njóta lífeyris við gildistöku samþykktá þessara, skulu frá þeim tíma taka lífeyri samkvæmt ákvæðum hennar, nema þeir eigi meiri rétt samkvæmt eldri reglugerð.
- 28.2 Stjórn lífeyrissjóðsins er heimilt að gera breytingar á samþykktum þessum án þess að kynnar þær á ársfundi, sbr. gr. 5.3.6, ef slíkar breytingar leiða beint af órávíkjanlegum ákvæðum laga eða reglugerða. Aðrar breytingar á samþykktunum skal stjórn sjóðsins kynna á ársfundi eða aukaársfundi.
- 28.3 Breytingar á samþykktum þessum eru háðar samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur að höfðu samráði við heildarsamtök starfsmanna sem aðild eiga að sjóðnum. Breytingar taka fyrst gildi þegar fjármálaráðuneytið hefur staðfest þær.

~~28.4 Samþykktir þessar gilda svo breyttar frá staðfestingu þeirra og koma í stað eldri samþykktá sjóðsins frá 23. ágúst 2011.~~

Deleted: 2. júní 2008

Reykjavík 13. júní 2019,

Deleted: 23. ágúst 2011

\_\_\_\_\_  
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

\_\_\_\_\_  
Ása Clausen

\_\_\_\_\_  
Janus Arn Guðmundsson

\_\_\_\_\_  
Rannveig Ernudóttir

\_\_\_\_\_  
Þorgrímur Hallgrímsson

Deleted: 08 2011



Reykjavík, 23. ágúst 2019  
R19070017  
13510

## Umsögn

**Efni:** Beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um að borgarstjórn samþykki breytingar á samþykktum sjóðsins.

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs á beiðni Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um að borgarstjórn samþykki breytingar á samþykkt sjóðsins sem samþykktar voru af stjórn sjóðsins á fundi hennar 13. júní 2019.

## Fyrirliggjandi gögn

Eftirfarandi gögn liggja fyrir í málinu:

- Samþykktir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar samþykktar af stjórn sjóðsins þann 13. júní 2019
- Minnisblað sviðstjóra réttinda- og lögfræðisviðs LsRb um breytingar á samþykktum sjóðsins, dags. 5. apríl 2019
- Álit tryggingastærðfræðings sjóðsins á framlögðum breytingartillögum, dags. 13. maí 2019

## Málavextir

Með lögum nr. 116/2016 var lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 breytt þannig að einstaklingum stendur nú til boða að taka hálfan lífeyri almannatrygginga gegn því skilyrði að allir skyldubundnir lífeyrissjóðir, þar sem umsækjandi hefur áunnið sér rétt, hafi samþykkt sama fyrirkomulag og staðfest að greiðslur hefjist, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1195/2017 um sveigjanlega töku ellilífeyris og heimilisuppbótar. Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar hefur samþykkt breytingar á samþykktum sjóðsins til samræmis við ofangreindar lagabreytingar til að sjóðfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar geti nýtt sér réttinn til að taka hálfan lífeyri almannatrygginga. Stjórn sjóðsins óskar eftir samþykki borgarstjórnar á þeim breytingum.

Helstu breytingar samþykta sjóðsins felast í eftirfarandi atriðum:

1. Hálfur lífeyrir.  
Ákvæði um möguleika sjóðfélaga á töku á hálfum lífeyri hefur verið bætt við samþykktir sjóðsins, sbr. ákvæði 12.11 í samþykktum sjóðsins. Skilyrði töku hálfis ellilífeyris er að sjóðfélagi

sé orðinn 65 ára, hafi greitt iðgjöld til A-deildar sjóðsins í a.m.k. 5 ár og látið af starfi sínu hjá Reykjavíkurborg.

2. Af „eftirmannsreglu“ yfir á „meðaltalsreglu“ sé starf lagt niður.  
Svohljóðandi ákvæði er bætt við samþykktir sjóðsins, sbr. ákvæði 12.10: „Sé starf sem verið hefur til viðmiðunar fyrir breytingar á lífeyri samkvæmt 12.8 lagt niður skulu breytingar á lífeyri þeirra sem haft hafa viðmiðun við það, uppfrá því fara eftir 12.4“
3. Eingreiðsluviðmið hækkað úr 1 stigi í a.m.k. 3 stig.  
Eingreiðsluviðmið í B deild sjóðsins sbr. ákvæði 20.2, er hækkað í a.m.k 3 stig miðað við 67 ára lífeyristökualdur.

Breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar eru háðar samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur, skv. ákvæði 28.3 í samþykktum sjóðsins.

## Umsögn

Tilfni breytinga á samþykktum lífeyrissjóðsins eru aðallega breytingar á almannatryggingalöggjöf þar sem einstaklingum stendur nú til boða að taka hálfan lífeyri almannatrygginga gegn því skilyrði að allir skyldubundnir lífeyrissjóðir þar sem umsækjandi hefur áunnið sér réttindi hafi samþykkt sama fyrirkomulag og staðfest að greiðslur hefjist.

Í 54. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er kveðið á um að reglur um iðgjalda- og réttindagrundvöll skuli standa óbreyttar til að vernda annars vegar hagsmuni þeirra sem voru sjóðfélagar í eldra lífeyriskerfi (B deild), sem fólust í því að vera áfram í því kerfi óbreyttu og svo hins vegar hagsmuni launagreiðenda að tryggja að þeir þyrftu ekki að sæta breytingum sem yki á lífeyriskuldbindingu þeirra enn frekar. Í nýjum samþykktum sjóðsins er eitt af skilyrðum fyrir töku hálf lífeyris að sjóðfélagi láti af starfi sínu hjá Reykjavíkurborg og missi þar með réttinn til að greiða áfram iðgjöld til sjóðsins. Mikilvægt er að skilyrði um starfslok verði áfram til staðar til að skilyrði 54. gr. laga nr. 129/1997 verði uppfyllt. Fyrir liggur það álit tryggingastærðfræðings sjóðsins að heimild til töku hálf lífeyris, eins og hún er útfærð í nýjum samþykktum sjóðsins, hafi ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins sem neinu nemur.

Rýmra ákvæði um að skipta úr eftirmannsreglu yfir í meðaltalsreglu er svar við þeim vanda sem hefur verið við að finna rétt viðmið fyrir sjóðfélaga með því að tryggja honum sjálfvirka þróun viðmiða ef rétt viðmið skv. eftirmannsreglu finnst ekki. Þessi breyting hefur ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Eldra eingreiðsluviðmið var frekar lágt í samanburði við aðra lífeyrissjóði, því er eðlilegt og sanngjarnt að hækka það. Þessi breyting hefur ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

Fyrir liggur það álit tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins að breytingarnar á samþykktum sjóðsins valdi ekki sem neinu nemi breytingum á tryggingarfræðilegri stöðu sjóðsins.

Með vísan til mats tryggingastærðfræðings lífeyrissjóðsins á áhrifum breytinga á samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og umfjöllunar um málið hér að ofan sér fjármála- og áhættustýringarsvið ekkert því til fyrirstöðu að verða við beiðni

stjórnar lífeyrissjóðsins um að borgarstjórn samþykki breytingar á samþykktum sjóðsins, sem stjórnin samþykkti á fundi sínum þann 13. júní 2019.

Afgreiðslu málsins ber að vísa til borgarstjórnar í samræmi við samþykktir sjóðsins.

*Halldóra Káradóttir,  
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*